



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354) 562 0477 ♦ www.fuglavernd.is

## Ársskýrsla Fuglaverndar 2018

### Lögð fram á aðalfundi í Kópavogi 11. mars 2019

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi í sal Barðstrendingafélagsins þann 12. apríl 2018 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum sem hér segir:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Ólafur Karl Nielsen varaformaður; Trausti Gunnarsson ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Erpur Snær Hansen, Trausti Gunnarsson og Menja Von Schmalensee meðstjórnendur. Skoðunarmaður reikninga var valinn Sigfús Bjarnason og Gunnlaugur Pétursson til vara. Stjórnin hélt 7 fundum á árinu.

Árgjald á árinu var ákveðið þetta: einstaklingsaðild kr. 4500, fjölskylduaðild 5500 og ungliða- og ellilífeyrispegaaðild 3500. Um áramót voru skráðir félagsmenn 1150 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

### Rekstur

Skrifstofa er í eigin húsnæði að Hverfisgötu 105, húsnæði sem við keyptum fyrir arf Hjálmars R. Bárðarsonar.

Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir og markaðs- og samskiptafultrúi í hálfu starfi er Dögg Matthíasdóttir.

Konunglega breska fuglaverndarfélagið, RSPB og Umhverfissráðuneytið styrktu félagið og gerðu starfsemi þess mögulega ásamt okkar ágætu félögum. Skil á árgjöldum voru góð eins og venjulega og eru þau betri hjá Fuglavernd en mörgum öðrum félögum.

### Arfur Magnúsar Þorsteinssonar

Magnús Þorsteinsson bóndi í Höfn á Borgarfirði Eystra fæddist 1. ágúst 1936 og lést 7. september 2017. Magnús arfleiddi Fuglavernd að hlut sínum í Hafnarhólma og Njarðvíkurlandi. Þetta er ein mesta rausnargjöf sem félagið hefur fengið. Njarðvík er landmikil jörð og Hafnarhólmi er þekktur fyrir auðugt fuglalíf.

Magnús hafði mikinn áhuga á fuglum og var félagi í Fuglavernd. Hann var með stórt æðarvarp í Hafnarhólma, þar verpa jafnframt nokkur þúsund lundar og slæðingur af ritu. Magnús var oddviti á Borgarfirði 1974-2002 og sveitarstjóri 2002-2006. Hann var frumkvöðull í að byggja upp aðstöðu fyrir fuglaskoðun og setti upp fyrsta fuglaskoðunarskýlið á landinu, við höfnina í Bakkagerði 2001. Hann var einnig arkitektinn að mannvirkinu í Hafnarhólma,

sem auðveldar allt aðgengi og gerir ferðamönnum kleift að stunda fuglaskoðun og þá sérstaklega að skoða og fylgjast með amstri og daglegu starfi lundans. Öll aðstaða á svæðinu ber vitni um hugkvæmni og smekkvísi Magnúsar.

Það kom í ljós um miðjan október 2017, að Magnús hafði arfleitt Fuglavernd að stórum hluta af landi Njarðvíkur, en 60% Hafnarhólmans tilheyrir því. Stjórnin ákvað að þiggja arfinn, en talsvert var um fundahöld og ferðir samhliða móttöku arfsins. Um miðjan apríl 2018 fóru starfsmenn og hluti stjórnar austur til að ræða við heimamenn, m.a. við Helgu E. Erlendsdóttur, sem sá um æðarvarpið í Hafnarhólma síðustu ár Magnúsar og gerir það áfram fyrir okkur, Jón Þórðarson sveitarstjóra, Margréti og Jakob í Njarðvík, Karl Sveinsson o.fl. Ólafur K. Nielsen fór og kannaði fuglalíf í Njarðvík síðla í maí ásamt Ólafi Einarssyni og snemma í ágúst ásamt Björgu Þorleifsdóttur.

### **Athugasemdir, kærur og ályktanir**

Þann 14. mars sendum við bréf til bæjarstjórnar Fljótshéraðs vegna hugmynda um vindmyllugarð á Úthéraði.

Þann 3. október rituðum við umhverfisráðherra bréf vegna meintra magnveiða á lunda í Málmei á Skagafirði og skoruðum á hann að skoða friðun Málmei, veiðar í alþjóðlega mikilvægum sjófuglabýggðum og að stöðva veiðar á tegundum á valista.

Hinn 7. nóvember sendum við skipulagsfulltrúa Rangárbings ytra athugasemdir vegna tillögu að aðalskipulagi í sveitarfélaginu og gerðum við kröfu um úttekt á fuglalífi og fuglaferðamennsku þar.

Hinn 12. nóvember sendum við áskorun til umhverfis- og auðlindaráðherra um aðgerðir til varnar svartfuglum. Stjórn Fuglaverndar skorar á ráðherra að dusta rykið af tillögum svartfugla- og villidýranefndanna og hrinda verndaraðgerðum í framkvæmd hið fyrsta, þar með talið tímabundinni friðun fyrir veiðum. Stjórnin hefur skilning á því að mögulega þurfi einhvern aðlögunartíma til að koma öllum tillögum fyrrgreindra nefnda til framkvæmdar og leggur því til að strax verði gripið til þess að setja sölubann á allar afurðir langvíu, stuttnefju, álku og lunda; bæði á fugla og egg.

Þann 21. nóvember sendum við fyrirspurn til umhverfisráðherra um áhrif aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum á náttúruvernd. Fyrirspurnin tengist athugasemdum sem við gerðum við skógræktarstefnu Íslendinga við AEWA skrifstofuna tveimur árum fyrr og hvaða áhrif skógrækt hefur á fugla opin lands.

Þann 21. desember gerði félagið athugasemdir við frummatsskýrslu vegna Hólasandslínu 3, um Eyjafjörð og Laxárdal.

### **Miðlun**

Heimsóknir á vef Fuglaverndar árið 2018 voru að meðaltali **1.755** (1.351 árið áður) á mánuði, samtals **21.055** (16.211) heimsóknir yfir árið. Síðuflettingar

prefölduðust næstum á milli ára sem eru sérstaklega ánægjulegar fréttir. (Vorur að meðaltali **6.991** á mánuði árið 2018 á móti 2.775 árið 2017, samtals **83.894** (33.305)).

Fuglavernd átti samskipti á sex samfélagsmiðlum á árinu í eigin nafni. Á Facebook eru 3 síður og 1 hópur um fuglafóðrun. Aðalsíðan okkar nefnist Fuglavernd, en síðan skrifum við inná síður sem heita Friðlandið í Vatnsmýrinni og Svartá í Bárðardal. Þann 6. mars 2018 var sýnd á RUV heimildarmyndin „Eigi skal höggva“ og var sýningunni fylgt eftir með færslum á Svartársíðunni og náðum við til 7.244 manns.

Í lok febrúar 2018 fékk fésbókarhópur um fuglaljósmyndun nóg af spurningum um fuglafóðrun og stofnaði hópinn Fuglafóðrun. Hópurinn hefur svo sannarlega sprungið út á árinu og eru þar líflegar umræður dag hvern. Í janúar var átak gert í að fá nýja féлага í gegnum aðalsíðu Fuglaverndar á Fésbók, bættust 20 manns við félagaskrána og flestar konur. Í desember vorum við með árvekníatak um sjófuglategundir á válista, ein færsla á dag fram að aðfangadegi. Viðbrögð við færslunum voru mjög góð.

<https://www.facebook.com/Fuglavernd> : **4.223** manns líkar við síðuna, 4.117 fylgjendur, **58%** konur **41%** karlar.

<https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni/> **263** líkar við síðuna, 265 fylgjendur, **63%** konur **35%** karlar.

<https://www.facebook.com/svartaibardardal/> **831** líkar við síðuna, **848** (448) fylgjendur, **49%** konur, **49%** karlar.

<https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/> **1.540** meðlimir og var 417 færslum póstað á árinu.

Félagið er með twitter-aðgang þar sem fylgjendur eru 355 og YouTube rás þar sem sjá má myndbönd og upptökur af erindum s.s. frá spóahátíð 2018 og válistaráðstefnunni 2017. Á Flickr samfélagsmiðlinum eru 43 meðlimir í hópnum Fuglavernd og Fuglaverndarreikningurinn okkar er svo meðlimur í hópnum *BirdLife International* sem telur 655 meðlimi. Félagið er með LinkedIn reikning, en markmið hans er fyrst og fremst að vera til staðar og til að efla leitarvélabestun. Starfsmennirnir tveir eru báðir skráðir hjá vinnuveitandanum.

<https://twitter.com/fuglavernd>

[https://www.youtube.com/channel/UC5z0pajgl8ab-Dtc8p5yAFA?view\\_as=subscriber](https://www.youtube.com/channel/UC5z0pajgl8ab-Dtc8p5yAFA?view_as=subscriber)

<https://www.flickr.com/photos/fuglavernd/>

<https://www.linkedin.com/company/fuglavernd-birdlifeiceland/>

## Sala

Vísir að verslun er nú í anddyrinu á Hverfisgötunni og fást sömu vörur í vefverslun félagsins. Við seljum fuglahús, bæði varpkassa og fóðurhús, sem

eru smíðuð á Litla-Hrauni. Fuglafóður er einnig til sölu og er hýðislaust sólblómafræ afar vinsælt. Kort, barmmerki og aðra útgáfu félagsins, auk ýmiss annars varnings. Seld voru 3.000 kíló af sólblómafræjum á árinu, og um 700 barmmerki, en stærstur hluti þeirra var þó seldur af öðrum söluaðilum.

## **Friðlandið í Flóa**

Fjöldi fólks heimsótti Friðlandið, jafnt Íslendingar sem útlendingar. Um vorið voru farnar hefðbundnar göngur með leiðsögn um helgar. Sveitarfélagið lagði sitt af mörkum en vonumst við til þess að geta farið í stefnumótun og jafnvel friðlýsingu á friðlandinu í samvinnu við sveitarfélagið í náinni framtíð.

## **IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði**

Unnið var að því að setja 37 mikilvæg sjófuglasvæði á vefviðmót, sem veitir upplýsingar um staðsetningu á korti, tegundir og fl. Þessi vefur er nú í yfirlestri og verður opnaður á árinu 2019.

Verkefnið er ætlað til fræðslu um búsvæðavernd sjófuglabyggða og vonast er til þess að það nýtist við náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum, sem og til almenningsfræðslu. Einnig eru tengingar við valista fugla sem Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út 2018. Þar er skráð 21 tegund sjófugla, þar af komast 16 sjófuglategundir á listann vegna hnignandi stofnstærðar. Okkur rennur því blóðið til skyldunnar.

## **Erlent samstarf**

Náið samstarf var við Konunglega Breska Fuglaverndarfélagið (RSPB), eins og fram kom í kaflanum um rekstur. Aðaltengiliður okkar er Mark Day, en Lloyd Austin hjá Skotlandsdeildinni hefur verið tengiliður okkar við Skotana. Hann hefur nú sagt upp störfum og er orðinn sjálfstæður ráðgjafi.

Framkvæmdastjóri sótti aðalfund *BirdLife International* sem haldinn var í Belgíu í lok september. Einnig var norrænn *BirdLife* fundur haldinn í Finnlandi sem Hólmfríður fór á. Samskonar fundur verður á Íslandi á þessu ári.

Í lok október tók samskiptafulltrúi Dögg Matthíasdóttir þátt í undirbúningi herferðarinnar #FlightForSurvival á vegum *BirdLife Europe and Central Asia* en vinnustofan var haldin á Kýpur. Er þetta í fyrsta sinn sem herferð á vegum *BirdLife ECA* er unnin á þennan hátt, sögum af farfluglum er safnað saman til að segja sögu herferðarinnar. Markmiðið er að vekja athygli á farflugi og þeim hættum sem fuglum steðjar að, s.s. ólöglegum veiðum. Herferðin spannar vor-haust-vor farflug 2019-2020. Sjá nánar á: <https://flightforsurvival.org/>

Á árinu fór svo fram mat á starfsemi félagsins og því hvort félagið uppfyllti þau skilyrði, sem gerð eru til fullgilda aðila að Alþjóða fuglaverndarsamtökunum *BirdLife International*. Fengum við í heimsókn tvo fulltrúa frá BirdLife sem mæltu með fullri aðild.

## **Samstarf við Umhverfisráðuneytið**

Umhverfisráðuneytið bað um fund með Fuglavernd í maí þar sem við fluttum erindi um skýrslu *BirdLife: State of the Worlds Bird* og ræddum stöðu fuglastofna á Íslandi og tillögur að aðgerðum.

Fuglavernd var svo boðin þátttaka á fundi með öðrum náttúruverndarfélögum, þar sem farið var yfir verkefnasvið ráðuneytisins og einnig boðaði ráðuneytið til fundar með verkefnastjórn Rammaáætlunar, þar sem óskað var eftir ábendingum og athugasemdum við starfsaðferðir.

## **Annað innlent samstarf**

Hólmfríður sér um að finna og tilnefna fulltrúa frjálsra félagasamtaka fyrir hin ýmsu verkefni Umhverfisráðuneytis og –stofnana en um þetta má lesa á vef Fuglaverndar undir fyrirsögninni Hagsmunagæsla.

Fundað var með Skotvís um samstarf og undirritun samstarfssamnings vegna sameiginlegra hagsmuna. Ekki náðist samkomulag, en áfram er unnið að málunum.

Einnig höfum við verði í samstarfi við önnur félagasamtök, þekkingarsetur og náttúrustofur aðallega um viðburði.

## **Sýningar, fræðsluerindi og viðburðir**

Þann 25. janúar hélt Örn Óskarsson fræðslukvöld í sal Barðstrendinga-félagsins við Hverfisgötu um garðfugla, fóðrun og fleira, það var húsfullir.

Í tilefni af Alþjóðlega votlendisdeginum hélt Sunna Áskelsdóttir hjá Landgræðslunni erindi á Hrafnþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurheimt votlendis í samstarfi við okkur.

Þann 20. mars í sal Arionbanka sagði Helgi Guðmundsson í máli og myndum frá Tanzaníu, fuglum og dýralífi á þeim slóðum.

Fuglavernd tók þátt í Umhverfishátíð Norræna hússins 7. apríl með góðri hjálp sjálfboðaliða eins og svo oft áður. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni var *Gerum heimilin grænni*.

*Hollvinir tjarnarinnar*, sem er hópur á vegum Fuglaverndar, efndi til hreinsunardags í friðlandinu í Vatnsmýri sama dag, eða 7. apríl, sjöunda árið í röð. Atburðurinn var í samstarfi við Norræna húsið og Reykjavíkurborg, um 25 manns mættu.

Þekkingarsetur Suðurnesja hélt fræðslukvöld 10. apríl í samvinnu við Fuglavernd og fleiri aðila þar sem fjallað var um flækingsfugla á Suðurnesjum.

Á aðalfundi 12. apríl sagði Eyþór Eðvarðsson frá stofnun Votlendissjóðsins.

Þann 17. apríl vorum við með ljósmyndasýningu í samvinnu við Nýherja við Borgartún, þar sem m.a. voru kynntar myndavélar og linsur, sem henta í fuglaljósmyndun. Þeir sem sýndu myndir að þessu sinni voru Daníel Bergmann, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson og Jónína G. Óskarsdóttir. Þetta er í 6. sinn sem slíkur atburður er haldinn og hafa þeir ávallt verið vel sóttir. Halldór Jón Garðarsson hefur haft veg og vanda að þessum atburðum að hálfu Nýherja en Sindri Skúlason að hálfu Fuglaverndar.

Á Alþjóðlega farfuglagedinum þann 12. maí var fuglaskoðun í Grasagarðinum í Laugardal. Hannes Þór Hafsteinsson og Einar Ó. Þorleifsson leiddu hana.

Einnig stóðum við að Spóahátíð í Köttlu jarðvangi 12.maí, við Eystri-Rangá og á Hvolsvelli, í samstarfi við jarðvanginn.

Fuglavernd, Blái herinn og bandaríska sendiráðið í Reykjavík ásamt bandaríska flughernum, efndu til strandhreinsunar á Víðisandi í Selvogi þann 31. ágúst. Þetta er fimmta árið sem þessir aðilar taka höndum saman að slíkri strandhreinsun.

Loftslagsgangan var gengin í þriðja sinn þann 8. september, en þar eru stjórnvöld hvött til að bregðast hraðar við loftslagsbreytingum og leggja meiri fjármuni í málaflokkinn.

Þann 12. september heimsótti hópur sem sótti Vistfræði ráðstefnu í Reykjavík Friðlandið í Vatnsmýrinni, starfsmaður Fuglaverndar veitti leiðsögn í samvinnu við starfsmenn landgræðslunnar.

25. október var opið hús á skrifstofunni þar sem félagsmenn hittust og spjölluðu um í fuglana í garðinum.

Þann 14. nóvember hélt Gunnlaugur Sigurjónsson myndasýningu frá Galapagos og Ekvador í sal Arionbanka í Borgartúni.

24.nóvember vorum við svo með laugardagsopnun á skrifstofu Fuglaverndar þar sem áhugasamir gátu keypt fuglatengdar jólagjafir í ró og næði.

8. des. var fuglaskoðun í Grasagarði Reykjavíkur. Hannes Þór Hafsteinsson leiddi fræðslugöngu um fuglalífið í garðinum en gangan er liður í samstarfi Grasgarðsins og Fuglaverndar.

### *Garðfuglar*

Garðfuglakönnun 2017-2018 hófst í október, en hún hefur staðið síðan árið 1994. Þátttakendur voru 14. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 26.-29. janúar. Þátttaka var fremur dræm, þátttakendur töldu í 72 görðum og sáu alls 6539 fugla. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi og gerir að jafnaði grein fyrir niðurstöðum í Fuglum.

### **Annað**

Fuglavernd fagnar því að nú sé í augsýn friðlýsing Akureyjar á Kollafirði. Árið 2014 fór málið af stað, með bréfi til Reykjavíkurborgar um Akurey og Lundey. Í kjölfarið kom í ljós að Lundey er í eigu ríkisins og því var sent bréf til Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Lundeyjar. Því erindi hefur enn ekki verið svarað en nú er Reykjavíkurborg að bregðast við.

Félagið sendi frá sér ýmsar ályktanir, t.d. varðandi kattahald, gæsaveiði og friðun blesgæsa.